



FVSA

FÉLAG VERSLUNAR -
OG SKRIFSTOFUFÓLKS
AKUREYRI OG NÁGRENNI

FÉLAGSBLAÐ

1. TBL. 36. ÁRG. 2022



ORLOFSHÚS

ÚTHLUTUN
UMSÓKNARFRESTUR
ORLOFSSTYRKIR

KJARAMÁL

SKOÐANAKÖNNUN
FÉLAGSFUNDUR Í HOFI

Aðalfundur FVSA

MEÐAL EFNIS Í BLAÐINU:

Kveður eftir 17 ár hjá FVSA!

Viðtal við Kristínu Þorgilsdóttur, aðalbókara FVSA sem lætur af störfum hjá félaginu í vor. bls. 4

Viðtal við trúnaðarmann

Sirry Laxdal er nýkjörin trúnaðarmaður, „Frábært að taka þátt í þessu starfi“ bls. 6

Sækjum við að settu marki

Saga FVSA 1930-2020 er komin út bæði rafrænt og sem hljóðbók inni á vef félagsins. bls. 7



VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR!

Félagsmenn eru ávallt velkomnir á skrifstofu félagsins að fá aðstoð varðandi réttindi og kjör.

Opnunartími á skrifstofu, Skipagötu 14, 3. hæð:

Mánudaga til fimmtudaga kl. 08:00 til 16:00

Föstudaga kl. 08:00 til 13:00



S: 455-1050



fvsa_stettarfelag



fvsa@fvsa.is



fvsastettarfelag



www.fvsa.is

STJÓRN OG TRÚNAÐARRÁÐ

2022-2023

Stjórn félagsins

Eiður Stefánsson - FVSA

Claudia Lobindzus - Thula, Nordic Source

Hulda Björnsdóttir - Heimilistæki/Tölvulistinn

Halldór Óli Kjartansson - Markaðsstofa Norðurlands

Jón Grétar Rögnvaldsson - Penninn

Varastjórn

Agnes Reykdal - Byko

Anna María Elíasdóttir - Kjörbúðin Ólafsfirði

Stefán Jónsson - Rafeyri

Trúnaðarráð til eins árs valið af uppstillingarnefnd

Elín Anna Guðmundsdóttir - VÍS

Júlía Gunnlaugsdóttir Poulsen - Kjörbúðin Ólafsfirði

Ragnar Már Heinesen - Icelandair

Kristín Hilmarsdóttir - Stapi

Signý Sigurðardóttir - Álnabær

Til vara

Agnes Harpa Jósavinsdóttir - Enor

Hanna Sigríður Magnþórsdóttir - Bónus Langholti

Hannes Heiðar Þórolfsson - Elko

Hjálmar Pálsson - Brimborg

Lára Pálína Jónsdóttir - Olís við Tryggvabraut

Trúnaðarráð til eins árs, valið af trúnaðarmönnum

Anna Petra L. Torbjörnsdóttir - Rúmfatalagerinn

Gestur Gunnar Björnsson - N1 Hörgárbraut og Leira

H. Heimir G. Jónasson - Nettó Glerártorgi

Hallveig Stefánsdóttir - Grófargil

Logi Birgisson - Bónus Naustahverfi

Sirry Laxdal - Icelandair Hótel Akureyri

Svanhvít Pétursdóttir - Brauðgerð Kr. Jónssonar

Örn Viðar Birgisson - Byko

Til vara

Anna Hafdís Jóhannesdóttir - Kjörbúðin Dalvík

Guðlaug Kristjánsdóttir - Klettur

Jón Haraldur Lárusson - Húsasmiðjan

Karl Ólafur Steingrímsson - Olís Dalvík

Ábyrgðaraðili: Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. **Ritstjórn og umbrot:** María Rut Dýrfjörð.

Forsíðumynd: Daníel Starrason. **Prentun:** Prentmet Oddi ehf.



FRÁ FORMANNI

Kæru félagar,

Nýtt ár kjaraviðræðna er hafið og tilefni til að leita nýrra leiða til að koma á stöðugleika fyrir okkar félagsmenn hvað varðar kaup og kjör. Stefnt er að því að hefja samtal við Samtök Atvinnulífsins í vor með það að markmiði að samningar náist áður en núverandi kjarasamningur rennur út. Starfsfólk FVSA og samninganefnd félagsins hafa þegar hafið undirbúning kröfugerðarinnar. Félagsmenn fá tækifæri til að leggja sitt af mörkum við mótun hennar með því að svara skoðanakönnun sem hefur verið send út og hvet ég alla til þess að taka þátt með því að svara henni.

Í september lá fyrir að Lífskjarasamningurinn myndi halda til 1. nóvember 2022. Því kom til launahækkana samkvæmt samningnum um áramót og von er á hagvaxtarauka í maí, en hann verður metinn í mars á grundvelli þróunar vergrar landsframleiðslu á hvern íbúa.

Því miður hafa þessar launahækkanir ekki náð að halda í við hækkandi verðbólgu og aldrei hefur verið erfiðara fyrir launafólk að eignast þak yfir höfuðið. Félagsmenn hafa orðið fyrir mikilli kjararýrnun og allt bendir til þess að innfluttar vörur og fasteignaverð eigi eftir að hækka meira á komandi ári. Bankarnir spá áframhaldandi vaxtahækkun og fyrirséð að þeim muni fjölga sem lenda í fjárhagsvandræðum auk þess sem kaupmáttur muni rýrna mikið.

Þegar kreppti að hjá fyrirtækjum á Íslandi vegna covid-19 brást ríkisstjórnin við með almennum aðgerðum þeim til stuðnings. Stéttarfélagin hafa óskað eftir sambærilegum stuðningi við skuldsett heimili launafólks, sem sannarlega hafa lagt sitt af mörkum í faraldrinum, en því ákalli hefur verið illa svarað.

Samkvæmt niðurstöðum könnunar Vörðu, rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins, glímur tæplega þriðjungur vinnandi fólks við erfiða fjárhagsstöðu og á erfitt með að ná endum saman. Fjárhagsstaða fólks fór versnandi á síðasta ári, tæplega tíundi hluti launafólks býr við skort á efnislegum gæðum og um fjórir af hverjum tíu gætu ekki mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar. Þessar niðurstöður bera íslensku samfélagi ekki góða sögu, við getum gert mikið betur!

Fólkið í landinu þarf stöðugleika, þar vegur hæst sú grunnþörf að hafa öruggt og gott þak yfir höfuðið. Stærsti útgjaldaliður heimilanna snýr að húsnæði og því skiptir greiðslubyrði af því lykilmáli fyrir afkomu launafólks. Að semja um launahækkanir er því skammgóður vermír ef ríkisstjórnin og Seðlabankinn leggja ekki meiri áherslu á hagsmuni almennings þegar kemur að efnahagsmálum.

Það er í mörg horn að líta þegar við skoðum hvað má gera í okkar samfélagi til hagsbóta fyrir okkar félagsmenn. Höfum í huga að stéttarfélag geta ekki breytt lögum í landinu eða sköttum, vaxtabótum, húsaleigubótum, lyfjakostnaði eða kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu og ekki heldur aðferðafræði við útreikning á vísitölu neysluverðs. Það eru alþingismenn sem hafa þessi mál í hendi sér, við almenningur verðum að krefjast þess að þeir fari að vinna að hagsmunum okkar allra en ekki bara fyrir fáa útvalda. Það er alveg á hreinu að stéttarfélagin, með ASÍ í fararbroddi, halda baráttunni áfram nú sem endranær.

Eiður Stefánsson,
Formaður FVSA

KVEÐUR EFTIR 17 ÁR HJÁ FVSA

Félagsmenn sem lagt hafa leið sína á skrifstofu FVSA kannast eflaust flestir við hlýjar móttökur Kristínar Þorgilsdóttur, skrifstofustjóra FVSA. Blaðamaður tók hana tali, en Kristín stendur brátt á tímamótum.

Ég hef alltaf haft ríka réttlætiskennnd

Kristín er reynslumikil, fædd og uppalin á Dalvík og starfaði þar sem bæjarbókari og -ritari „þar fékk ég ærlegan lærdóm, sem ég tel mig alla tíð hafa búið að síðan“, segir hún um sín fyrstu skref á vinnumarkaði. „Leiðin lá svo inn á Akureyri þar sem ég starfaði hjá SS Byggir ehf. í mörg ár áður en ég kom í Alþýðuhúsið. Ég byrjaði hjá FVSA í 50% starfi í október 2004, en var þá í 50% starfi hjá Sjómannafélagi Eyjafjarðar á móti, félögin voru á sömu hæð í Alþýðuhúsinu. Árið 2005 var ég svo komin í fullt starf hjá FVSA“, lýsir Kristín, sem hefur verið hjá félaginu í ríflega 17 ár og nálgast starfslok.

Aðspurð segist Kristín lítið hafa hugað að verkalýðsmálum áður en hún hóf störf hjá félaginu. „Ég hef treyst öðrum betur í þeim málum, en ég hef alltaf haft ríka réttlætiskennnd og vil að fólk fái uppskorið það sem það á skilið fyrir sína vinnu.“ Hún lýsir þeirri þróun sem hefur orðið á þessum tíma „kjaramálin og kjaratengd mál hafa alltaf farið upp á við, en sjálfsgert er aldrei nóg gert, umhverfið breytist svo hratt. Ég hugsa oft t.d. um fæðingar- og feðraorlof, ég vildi að meira svigrúm hefði verið til staðar þegar ég eignaðist mína drengi.“

„Þjónusta félagsins hefur líka mikið breyst á allan máta, orlofskostir félaganna hafa aukist, styrkir úr sjúkrasjóði hafa hækkað og styrkir úr menntasjóði hafa tekið mikið stökk, sem er frábært. Félagsmenn eru líka orðnir miklu meðvitaðri um að leita til félagsins eftir aðstoð. Við höfum líka lagt okkur fram um að ná betur til þeirra, m.a. með góðum upplýsingum á vefnum og póstlistanum.“

Maður kunnir nöfn á allflestum félagsmönnum

Bláðamanni leikur forvitni að vita hvernig starfið hafi tekið breytingum á þessum tíma? „Frá því að ég byrja hjá félaginu hafa tæknibreytingar orðið gífurlegar. Skilgreinar voru áður handfærðar, sem gerði það jákvæða að verkum að maður kunnir nöfn á allflestum félagsmönnum, nú koma þær rafrænt og erfiðara að hafa yfirsýnina yfir félagsmenn. Úthlutun orlofshúsa fór þannig fram fyrstu árin mín að umsóknirnar voru allar yfirfarnar handvirkt og skoðað hvort viðkomandi hefði fengið úthlutað árið áður, þær umsóknir voru svo teknar út til að gæta réttlætis. Síðan voru vélrituð bréf, úthlutunarbréf eða höfnunarbréf og þau pósthöfð til allra. Í dag ræður punktastaða félagsmanna



Kristín ritar fundargerð á jólafundi stjórnar FVSA

úthlutun og mannhöndin kemu þar hvernig nærri, flestir fá svo niðurstöðu úthlutunar senda rafrænt í gegnum félagavefinn.“

„Annað sem hefur breyst er greiðsla sjúkrastyrkja, áður var millifært á hvern og einn í bankanum, en nú er gerð greiðsluskra, sem færð er í einu lagi í bankann. Það er forvinna að þessu, en mikill hægðarauki, sem hefur minnkað pappírsvinnu umtalsvert. Það var líka mikil framför þegar Félagavefurinn var settur á laggírnar 2012. Þar geta félagsmenn séð allar upplýsingar varðandi sjálfa sig, sótt um sumarúthlutun og bókað hús og íbúðir að vetrarlagi. Ég tel það miklu betra fyrir félagsmenn að geta skoðað í rólegheitum á vefnum í stað þess að vera bundnir af því að hringja á skrifstofuna á opnunartíma. Ég hef unnið með sama bókhaldskerfi frá upphafi, það hefur reynst vel og ég fylgt þeirri þróun, sem þar hefur átt sér stað.“

Getum valið ferðatíma án dagatals

Hvað tekur við eftir starfslok, áttu þér t.d. áhugamál sem þú hlakkar til að sinna? „Mér skilst að þegar fólk hættir að vinna, hafi það aldrei meira að gera. Ég ákvað það fyrir löngu síðan, að þegar ég ætti rétt á þessum feita bunka sem ellilaunin eru, ætlaði ég að hætta að vinna. Ég vil ekki að vinnufélagarnir þurfi að segja: Æi gamla gerði þetta. Við eigum sumarbústað, þar er alltaf nóg að gera, við eigum 3 fjölskyldur hjá börnunum okkar, þar eru 4 barnabörn og vonandi getum við átt góða tíma með þeim öllum. Okkur finnst gaman að ferðast, höfum bæði verið bundin vegna okkar vinnu, svo nú getum við valið ferðatíma án dagatals, ég hlakka til þess“ svarar Kristín, bláðamanni þykir það heillandi framtíð og þakkar fyrir samtalið.

Í FRÉTTUM

Könnun meðal félagsmanna

Skoðanakönnun hefur verið send til félagsmanna FVSA. Markmiðið er að kanna hug þeirra til félagsins og komandi kjarasamninga. Hvoru tveggja er mikilvægt og því vonumst við til þess að sem flestir gefi sér tíma til þess að svara. Þeir félagsmenn sem ekki hafa fengið könnunina í tölvupósti geta óskað eftir link með því að senda póst á fvsa@fvsa.is

Félagsfundur í Hofi

Þann 27. apríl verður félagsfundur FVSA haldinn í Hofi. Þar verða niðurstöður skoðanakönnunarinnar kynntar og drög að kröfugerð fyrir komandi kjarasamninga lögð fram. Nánari tímasetning verður auglýst síðar.

Launahækkun frá síðustu áramótum

Þann 1. janúar 2022 tóku gildi launahækkunir samkvæmt kjarasamningum. Taxtar hækkuðu um 25.000 kr. á mánuði en almenn hækkun er 17.250 kr. Starfsfólk í hlutastarfi fékk hlutfallslega hækkun. Uppfærða taxta má finna inni á vef félagsins. Við hvetjum félagsmenn til þess að fylgja hækkuninni eftir með því að fara yfir launaseðlana sína.



FVSA

FÉLAG VERSLUNAR-
OG SKRIFSTOFUFÓLKS
AKUREYRI OG NÁGRENNI



VIÐ STYRKJUM ÞIG!!

Sjúkrasjóður vinnur markvisst að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar félagsmanna, t.d. með því að niðurgreiða að hluta kostnað við líkamsrækt, sjúkráþjálfun, sálfræðipjónustu o.fl. Til að sækja um styrk þurfa félagsmenn að koma með kvittanir á skrifstofu félagsins, eða senda rafrænt afrit á fvsa@fvsa.is

Yfirlit yfir styrki úr sjúkrasjóði	Hlutfall af reikningi	Prep 1*	Prep 2**
Sjúkráþjálfun	75%	50.000	30.000
Krabbameinsleit	85%	10.000	3.000
Líkamsrækt	50%	30.000	18.000
Sálfræðipjónusta	50%	35.000	15.000
Sjúkranudd/hnykk	35%	25.000	10.000
Nudd (dekur)	35%	15.000	5.000
Heyrnartæki (á þriggja ára fresti)	35%	25.000	10.000
Gler og linsur (á þriggja ára fresti)	35%	25.000	12.000
Glasa-/tæknifróvgun	50%	55.000	33.000
Lasik augnaðgerð (á þriggja ára fresti)	35%	55.000	33.000
Hámarksstyrkur á hverju almanaksári		80.000	36.000

***Prep 1:** Fullan rétt til styrkja eiga þeir félagsmenn sem greitt hafa 40.749 kr. - miðað við febrúar 2022, í félagsgjald á síðustu 12 mánuðum. Viðmiðið er byrjunarlaun 20 ára.

****Prep 2:** Þeir sem greitt hafa frá kr. 7.000 til 40.748 kr. í félagsgjald s.l. 12 mánuði (eða laun frá kr. 58.300 að byrjunarlaunum 20 ára).



FRÁBÆRT AÐ TAKA ÞÁTT Í ÞESSU STARFI

Sirry er nýkjörin trúnaðarmaður meðal starfsfólks í gestamóttöku Icelandair Hótel Akureyri. Við spurðum Sirry út í starfsferilinn og áhugann á verkalýðsmálum.

Synd að kynnst starfinu svona seint

„Ég hef svolítið verið eins og sígauni á vinnumarkaði, prufað mig áfram og kynnst mismunandi störfum“, segir Sirry spurð út í starfsferilinn. „Ég byrja að vinna 18 ára og hef unnið víða, verið í umönnunarstörfum, á leikskóla og starfað á skrifstofu sýslumanns. Ég byrja í raun ekki að starfa við ferðaþjónustu fyrr en fyrir 10 árum síðan, þó svo að þá hafi starfið verið viðtækara. Ég var t.d. í veiðihúsi í Vopnafirði þar sem ég tók ekki bara á móti gestum, heldur sá ég líka um þrif, uppgjör og önnur tilfallandi verkefni. Ég hef mjög gaman af starfinu og það er í raun synd að hafa kynnst því svona seint, ekki það að ferðaþjónustan var ekki komin jafn langt þá og nú.“

Mýtur um réttindi á vinnumarkaði

Með svo fjölbreytta reynslu að baki liggur beinast við að spyrja Sirry hvort hún hafi alltaf haft áhuga á verkalýðsmálum? „Þegar maður hefur sinnt eins fjölbreyttum störfum og ég þá fer maður á milli boxa varðandi kaup, kjör og réttindi. Ég hef alltaf verið vakandi fyrir þessu, en gaf mér kannski ekki tíma til þess að kafa djúpt í þessi mál og lenti stundum í óvissu. Einn segir eitt og næsti eitthvað annað, svo eru til mýtur um allskonar á vinnumarkaði sem eru ekki réttar. Maður veit oft ekki betur og treystir öðrum fyrir eigin málum. Með tímanum hef ég lært að sækja þessar upplýsingar sjálf.“

„Nú þegar börnin eru uppkomin hef ég í raun enga ástæðu til þess að kynna mér ekki hlutina betur. Ég finn líka að mér finnst gott að geta hjálpað öðrum og miðla upplýsingum og þekkingu áfram. Ég starfa til dæmis með mörgum af erlendum uppruna og þau leita dálítið til mín, kannski af því að ég er elst á vinnustaðnum“ segir hún kímín. „En ég hef alltaf verið þínu eins og mamman á vinnustaðnum og held utan um þá sem yngri eru. Það þarf nefnilega að huga að unga fólkinu, sá þessum fræjum, að þau passi upp á réttindin sín og spyrji ef þau eru ekki viss.“

„Mín reynsla er að þegar það er óvissa milli vinnuveitanda og starfsmanns um réttindi myndast þegjandi kergja sem er í raun auðvelt að leysa með því að skoða kjarasamningana eða leita til stéttarfélagsins. Sumum finnst þeir vera með vesen ef þeir leita til síns stéttarfélags, en ég hef bara upplifað gott viðmót og fengið góða þjónustu í gegnum tíðina.“

Maður verður bara að þora að taka þátt

En hvernig kom það til að þú gafst kost á þér sem trúnaðarmaður? „Mig langar mikið til að miðla þessari reynslu áfram og ef ég get kveikt áhuga einhvers staðar þá er markmiðinu náð. Heilt yfir þykir fólki verkalýðsmál kannski ekki vera spennandi, mér fannst það ekki sjálf þegar ég byrjaði að vinna úti, þáði bara launin og spáði ekki í meira. En núna finnst mér frábært að taka þátt í þessu starfi og leggja mitt á vogarskálarnar. Stundum hugsa ég ahhh ætti ég að hafa skoðun á þessu?, en maður verður bara að þora að taka þátt í að drifa hlutina áfram!“ segir Sirry að lokum.

SÆKJUM VIÐ AÐ SETTU MARKI

Á nýjafstöðnum aðalfundi var útgáfu á sögu FVSA fagnað og bókina kynnt fyrir félagsmönnum.

Félag verslunar- og skrifstofufólks í 90 ár

Haustið 2016 samþykkti stjórn félagsins að skipa ritnefnd með það að markmiði að varðveita og rita sögu félagsins. Í ritnefnd voru Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Páll H. Jónsson, Kristín Þorgilsdóttir og Erla Halls. Ritun bókarinnar var í höndum Jóns Þ. Þór og viðauki er eftir Braga Bergmann, sem einnig sá um ritstjórn. Félagið kann þeim öllum þakkir fyrir ómetanlegt framlag þeirra í þágu útgáfunnar.

Titill bókarinnar *Sækjum við að settu marki* er lína úr ljóði eftir Heiðrek Guðmundsson frá Sandi, en hann var félagsmaður FVSA og formaður félagsins 1946-1947. Um bókina segir:

Hér er rakin saga Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni allt frá stofnárinu 1930 til dagsins í dag. Sögð er saga stórfelldra þjóðfélagsbreytinga og lífsskjarabyltingar. Með órjúfandi samtakamætti náðu félagsmenn smám saman að tryggja sér öll þau réttindi sem okkur þykja svo sjálf sögð í dag.

Í bókinni er lýst þeim gífurlegu áhrifum sem tækniþróunin hefur haft á störf verslunar- og skrifstofufólks og þeim miklu breytingum sem orðið hafa í verslun og viðskiptum á félagssvæðinu.

Saga í máli og myndum

Guðjón Heimir Sigurðsson sá um umbrot og myndvinnslu. Bókin er ríkulega myndskreytt yfir 500 myndum m.a. af formönnum og stjórnnum félagsins frá upphafi, auk mynda frá félagsstarfi og þróun samfélagsins í gegnum 90 ára sögu félagsins. Bókin er öllum aðgengileg rafrænt og sem hljóðbók inni á vef félagsins. Auk þess geta áskrifendur hjá StoryTel von bráðar hlustað á bókina þar. Um lestur sá Guðni Kolbeinsson, hljóðupptaka fór fram í Stúdíó Harmur.

Verklökum fagnað

Það var Kristín Þorgilsdóttir sem fylgdi bókinni úr hlaði með ávarpi fyrir hönd ritnefndarinnar. Í máli hennar kom fram þakklæti til þeirra sem lögðu til aðstoð við verkið, sem spannar alls fimm ára vinnu. „Ég vona að við öll getum haft gagn og gaman af lestri þessarar fallegu bókar.“ sagði Kristín, en hún lauk ræðu sinni með því að lesa erindi úr ljóðinu *Afmælisljóð* eftir Heiðrek Guðmundsson.



Saga FVSA 1930-2020 komin út.



Formaður félagsins færði ritnefndinni blóm í tilefni dagsins, á myndina vantar Pál H. Jónsson.

Afmælisljóð

*Sækjum við að settu marki,
seint þó miði – og fremur skammt,
beinum þangað björtum augum,
best er að ná því aldrei samt.*

Höf. Heiðrekur Guðmundsson frá Sandi

ÞEKKIR ÞÚ HLUTVERK ÞÍNS STÉTTARFÉLAGS?

Hefð er fyrir því að kanna hve vel ungt fólk þekkir til starfsemi stéttarféлага fyrir blaðið. Viðmælendur tóku vel á móti blaðamanni og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir að gefa sér nokkrar mínútur til að svara spurningunum.

Kristján Loftur Jónsson

Penninn Eymundsson



Veist þú hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Ýmislegt já, þekki samt ekki allt.

Hefur þú nýtt þér þjónustu félagsins?

Já, ég hef gert það.

Veist þú hvert hlutverk trúnaðarmanns er í fyrirtækinu og hvernig hann getur nýst þér?

Já, er það ekki ef að eitthvað kemur upp á starfsstað, eða ef að yfirmaður kemur illa fram að þá er hægt að tilkynna það til trúnaðarmanns og hann hefur samband við félagið.

Hefur einhver sagt þér frá þjónustu stéttarfélagsins og/ eða veistu hvar þú getur fundið þær upplýsingar?

Ég myndi leita fyrst á internetinu, ég hef samt ekki heyrt neinn ræða félagið sérstaklega.

Sylvía Ösp Hauksdóttir

Samkaup



Veist þú hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Eitthvað, t.d. styrkir og svona

Hefur þú nýtt þér þjónustu félagsins?

Nei, ekki enn allavega.

Veist þú hvert hlutverk trúnaðarmanns er í fyrirtækinu og hvernig hann getur nýst þér?

Já, ég þekki það aðeins, hann sér um að svara spurningum og koma upplýsingum til starfsfólksins.

Hefur einhver sagt þér frá þjónustu stéttarfélagsins og/ eða veistu hvar þú getur fundið þær upplýsingar?

Nei, eða væntanlega leita upplýsinga í gegnum netið. Ég hef svo sem ekki velt þessu mikið fyrir mér.

Helena Rut Kristmunds- dóttir - Sportver



Veist þú hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

EKKI NÓGU VEL, NEI.

Hefur þú nýtt þér þjónustu félagsins?

Nei, ekki enn.

Veist þú hvert hlutverk trúnaðarmanns er í fyrirtækinu og hvernig hann getur nýst þér?

Já ég veit svona aðeins út á hvað það gengur.

Hefur einhver sagt þér frá þjónustu stéttarfélagsins og/ eða veistu hvar þú getur fundið þær upplýsingar?

Í rauninni hef ég ekkert skoðað það mikið, ég hef bara verið hér í eitt og hálf t.ár.

Hákon Logi Árnason

Tölvulistinn / Heimilistæki



Veist þú hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Já og nei, ég hef aðeins kynnt mér það inni á síðu félagsins.

Hefur þú nýtt þér þjónustu félagsins?

Nei, ekki ennþá.

Veist þú hvert hlutverk trúnaðarmanns er í fyrirtækinu og hvernig hann getur nýst þér?

Nei.

Hefur einhver sagt þér frá þjónustu stéttarfélagsins og/ eða veistu hvar þú getur fundið þær upplýsingar?

EKKI ENNÞÁ, EN ÉG MYNDI ÖRUGGLEGA FARA Á HEIMSIÐUNA, LESA MÉR TIL OG SENDA SVO TÖLVUPÓST.

Þórður Indriði Björnsson A4



Veist þú hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Já, það getur aðstoðað t.d. við ýmsan kostnað og líka þegar fólk veikist mjög mikið, þá kemur stéttarfélagið til móts við viðkomandi þegar hann er búinn með veikindaréttinn.

Hefur þú nýtt þér þjónustu félagsins?

Já, það er eitthvað síðan, en jú.

Veist þú hvert hlutverk trúnaðarmanns er í fyrirtækinu og hvernig hann getur nýst þér?

Hann heldur trúnaði þegar starfsmaður ræðir við hann um eitthvað sem hann vill ræða við hlutlausan aðila.

Hefur einhver sagt þér frá þjónustu stéttarfélagsins og/ eða veistu hvar þú getur fundið þær upplýsingar?

Kíkja á skrifstofu stéttarfélagsins eða skoða vefsíðuna.

Stefanía Bláfeld Viðars- dóttir - Lindex



Veist þú hvað stéttarfélagið þitt getur gert fyrir þig?

Já, svona nokkurn veginn, t.d. veitt alls konar styrki.

Hefur þú nýtt þér þjónustu félagsins?

Já, ég hef nýtt mér styrki, bæði líkamsræktarstyrk og starfsmenntastyrk.

Veist þú hvert hlutverk trúnaðarmanns er í fyrirtækinu og hvernig hann getur nýst þér?

Já, svona smá, mamma er trúnaðarmaður, maður getur leitað til hans með ýmislegt.

Hefur einhver sagt þér frá þjónustu stéttarfélagsins og/ eða veistu hvar þú getur fundið þær upplýsingar?

Já, bara aðallega á netinu.



HVAÐ LIGGUR ÞÉR Á HJARTA?

Ertu með fyrirspurn eða ábendingu? Sendu okkur þá póst á netfangið fvsa@fvsa.is eða skilaboð í gegnum facebook síðuna okkar: facebook.com/fvsastettarfelag

LEITAÐU TIL OKKAR

KJARAMÁL - STYRKIR OG SJÓÐIR - ORLOFSMÁL

ÞITT STÉTTARFÉLAG

Veistu í hvaða stéttarfélagi þú ert? Ef ekki þá getur þú skoðað launaseðilinn þinn og fundið það út. Heyrðu í okkur ef þú ert ekki viss!

TRÚNAÐARMAÐUR

Ef eitthvað bjátar á í vinnunni og þér finnst þú ekki geta talað við yfirmann þá getur þú leitað til trúnaðarmanns á þínum vinnustað í fullum trúnaði. Þér er einnig velkomið að leita til okkar á skrifstofu FVSA.

STYRKIR

Félagsmenn geta sótt um eftirfarandi styrki hjá félaginu:

Starfsmenntasjóður: Þú getur fengið hluta af skóla- og námskeiðsgjöldum endurgreitt með því að sækja um styrk í Starfsmenntasjóð. Sjá nánar inni á vef félagsins.

Sjúkrasjóður: Sjúkrasjóður vinnur markvisst að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar félagsmanna. Sjá nánar um styrki úr Sjúkrasjóði á bls. 4.

AÐALFUNDUR FVSA

Aðalfundur Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni var haldinn 28. febrúar.

Fundurinn vel sóttur

Fyrir hefðbundin aðalfundarstörf var útgáfu á sögu félagsins fagnað með útgáfuhófi þar sem boðið var upp á léttar veitingar og skemmtiatriði (sjá nánar á bls. 7 í þessu blaði). Að hófi loknu gengu félagsmenn í fundarsal en alls mættu 36 manns. Formaður félagsins, Eiður Stefánsson, setti fundinn og um fundarstjórn sá Stefanía Árdís Árnadóttir.

Kynning á ársskýrslu 2021 var í höndum formanns, þar stóð upp úr kynning á nýjum orlofseignum félagsins, góður árangur á samfélagsmiðlum og vísbendingar um að heilsufar félagsmanna sé betra milli ára, en greiðslur sjúkradagpeninga voru 31,5% lægri en árið áður. Hermann Brynjarsson, frá Enor, fór yfir reikninga félagsins fyrir árið 2021. Í máli hans kom fram að félagið standi virkilega vel og líklegt að liðið ár hafi verið það besta í sögunni hvað varðar afkomu.

Helgi Sveinbjörn Jóhannsson, formaður uppstillingar-nefndar, lýsti stjórnarkjöri og í framhaldi kusu félagsmenn kjörstjórn, löggildan endurskoðanda og félagslega skoðunarmenn. Því næst kynnti fundarstjóri framlag í vinnudeilusjóð.

Lagabreytingar samþykktar

Kynning á lagabreytingum var í höndum Jóns Grétars Rögnvaldssonar, meðstjórnanda í stjórn félagsins. Með



Fundurinn var haldinn í sal Múlabergs á Hótel Kea.

breytingunum öðlast félagsmenn aukin réttindi innan sjúkrasjóðs, þannig hækka dánarbætur til greiðandi félaga í 600.000 kr., sjúkradagpeningar verða greiddir í allt að 4 mánuði, auk þess sem stjórn sjúkrasjóðs er nú heimilt að lengja bótatímabilið í 6 mánuði. Við hvetjum félagsmenn til þess að kynna sér breytingarnar inni á vef félagsins.

Fundarlok

Í fundarlok kallaði formaður upp þær Önnu Kristínu Árnadóttur, Kristínu B. Hjaltalín og Kristínu Þorgilsdóttur og þakkaði þeim fyrir vel unnin störf, en þær láta nú af störfum fyrir félagið. Sömuleiðis þakkaði hann starfsfólki og fólki í trúnaðarstörfum hjá félaginu fyrir vel unnin störf á árinu.

Hægt er að nálgast ársskýrslu og -reikninga félagsins á vefsíðunni www.fvsa.is undir útgefnu efni.

LEIKHÚSBOD


Þann 19. mars býður FVSA lífeyrisþegum félagsins á leiksýninguna Í fylgd með fullorðnum í uppsetningu Leikfélags Hörgdæla að Melum.

Verkið er skrifað af Péttri Guðjónssyni, sem jafnframt leikstýrir sýningunni, en leikritið byggir á lögum og textum Bjartmars Guðlaugssonar. Leikritið fjallar um ævi Birnu sem er komin að ákveðnum kaflaskilum og rifjar upp líf sitt allt frá bernsku til fullorðinsára.

Um takmarkað sætaframboð er að ræða. Því þurfa félagsmenn að skrá sig með því að hringja í síma 455-1050 eða senda póst á fvsa@fvsa.is. Hámark tveir miðar á hvern félagsmann. Farið verður með rútu frá Alþýðuhúsinu kl. 14:30, mæting kl. 14:15.



VERÐLAUNAKROSSGÁTA

		Reitir 1-21 Bókarheiti				1	2	3	4					
		Hljú- ast	Plöntu- viki	Reyf- inu	Ejöldi Af- vikið				5					
		Drögum í 2fa		5					6					
		Reiða			10			v	7					
		Feiti	14						8					
Lamin		19					9							
BB	↓	Kvöld oskar 2fir	18	100 ár	Blunda	Gata Stíg Skordýrs	7	Jarðefni Aldinn		v	v	10		
Aumt		2						Öðlast Fyndin				11		
Kar- leitur Æfir				Lina Bæk- urnar		8		Venju Hraði			9	v	12	
↳		3		Sellan Pláss			6		Kaldar				13	
Aðrir Reisa					Kljisan í Kjall- aranum			1					14	
↳				Gata Bakki				Krulla Sár		11		Fálm	15	
Króin Starfi		Lidugi Klaki Klifra				syl Hátíð kona		Til himins Píla					16	
↳	12					4		Stórka Smá- forrit					v	17
'Alaggs Blað				Vinn- ingar	Lofar Áskýttu					Slagar Erfiði			18	
↳		v		Sam- skayti	20			Ólogið!		Timabil Maður		Rök	19	
Glitr- ar				21	Egnir skvaldur	v	13					Lit- laus	20	
Pvaga	↳				17								21	
Stærk- ast												16	skóli	
Fiskur	↳			Rum Auðn Auðind			15							

Reitir 1-30 mynda bókarheiti. Sendið lausn gátunnar, ásamt nafni og símanúmeri á netfangið fvsa@fvsa.is eða með pósti til FVSA, Skipagötu 14, 600 Akureyri, merkt „Krossgáta“. Skilafrestur er til og með 31. mars nk. Dregið verður úr réttum lausnum og hljóta tveir heppnir þátttakendur helgardvöl að vetri til í einu af orlofshúsum félagsins. Höfundur krossgátunnar er Bragi V. Bergmann.

Umsóknarfrestur um orlofshús
fyrir sumarið 2022 er til:

24. mars

ÉG FER Í FRÍÐ

Umsóknarfrestur um orlofshús og viku að eigin vali fyrir sumarleigu 2022 er til 24. mars. Sótt er um á félagavefnum. Sumarleigutímabilið er frá 1. júní til 19. ágúst 2022, en umækjendur fá svar með tölvupósti um úthlutunina um mánaðamótin mars/apríl. Þeir sem fá úthlutað þurfa að greiða fyrir leiguna í síðasta lagi 11. apríl 2022. Opnað verður fyrir lausar orlofsvikur sumarið 2022 og vetrarleigu 2022 til maí loka 2023 á félagavefnum þann 13. apríl kl. 12:00.

GÓÐIR PUNKTAR

- Hver félagsmaður getur að hámarki keypt samtals fjóra gistimiða og/ eða inneignarbréf í flug á hverju almanaksári
- Sótt er um orlofshús og *Viku að eigin vali* á félagavefnum www.fvsa.is
- Allar nánari upplýsingar um orlofshúsin eru inni á vefnum www.fvsa.is
- Félagsmenn geta óskað eftir aðstoð við bókanir með því að hafa samband við skrifstofu félagsins í s: 455-1050
- Orlofshús félagsins eru reyklaus og stranglega bannað að hafa í þeim gæludýr



Vika að eigin vali

Auk orlofshúsa geta félagsmenn sótt um orlofsstyrk, eða *Vika að eigin vali*. Um er að ræða styrk upp í flug og/eða gistingu að upphæð 26.000 kr. vegna ferðakostnaðar á árinu 2022.



Inneignarbréf hjá IcelandAir

Félagsmenn geta keypt inneignarbréf hjá IcelandAir að upphæð 10.000 kr., en greiða einungis 6.000 kr. fyrir. Hafið samband við skrifstofu til að kaupa inneignarbréf.



Gistimiðar á Íslandshótel

Félagið selur niðurgreidd gjafabréf á Íslandshótel á 11.900 kr. Bréfin gilda frá október til og með apríl. Nánari upplýsingar á vef félagsins www.fvsa.is



Útilegukortið

Félagsmenn geta keypt kortið á skrifstofu félagsins á 18.900 kr. og gildir það á 34 tjaldsvæðum. Útilegukortið verður ekki lengur til úthlutunar. Sjá nánar inn á www.utilegukortid.is



Veidikortið

Félagsmenn geta keypt kortið á skrifstofu félagsins á 7.100 kr. og gildir það á 36 stöðum á landinu. Nánari upplýsingar á vefnum: www.veidikortid.is.

ÍBÚÐIR Í MÁNATÚNI REYKJAVÍK

Félagið á 6 íbúðir í Mánatúni í Reykjavík. Íbúðirnar eru í alla staði mjög vandaðar og glæsilegar með rúmgóða stofu, vel útbúið eldhús með uppþvottavél, baðherbergi með sturtu og þvottahús með þvottavél og þurrkara.

Tvær tveggja herbergja íbúðir - 29.000 kr. vikan

Eitt svefnherbergi er í íbúðunum með gístaðstöðu fyrir tvo. Í annari íbúðinni er auk þess veggrúm í stofu sem tveir geta sofnað í.

Þrjár þriggja herbergja íbúðir - 34.000 kr. vikan

Tvö svefnherbergi eru í íbúðunum með gístaðstöðu fyrir sjö manns, auk barnarúms og barnastóls.

Fjögurra herbergja íbúð - 39.000 kr. vikan

Þrjú svefnherbergi eru í íbúðinni með gístaðstöðu fyrir 10 manns, auk barnarúms og barnastóls.

Athugið: Ekki er hægt að leigja lín. Taka þarf með sér lín á rúm og handklæði. Gasgrill fylgja ekki íbúðunum. Nettenging er í öllum íbúðunum.



Skiptidagar: Íbúðirnar eru leigðar í viku í senn yfir sumartímann, skiptidagar eru á miðvikudögum. Íbúðirnar eru til afhendingar kl. 17:00 en dvalargestir þurfa að skila íbúðunum kl. 13:00 á skiptidögum.

Lyklar: Afhentir á skrifstofu FVSA.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 1. júní til 19. ágúst.

SKÓGARSEL

VAGLASKÓGUR - FNJÓSKADAL

Glæsilegt sumarhús á skemmtilegum stað á bökkum Fnjóskár, í miðjum Vaglaskógi. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi, góð stofa, sjónvarpsrými, eldhús með öllum búnaði, borðstofa, tvö baðherbergi og þvottaherbergi. Í húsinu er gístaðsæti fyrir 11 manns.

Sængur fylgja húsinu, en án líns. Upplýsingar um stærðir á dýnum eru inni á heimasíðu félagsins. Öll helstu heimilistæki eru í húsinu, ásamt þvottavél, þurrkara og uppþvottavél. Ljósleiðari er í húsinu ásamt myndlykli frá Símanum.

Við húsið er stór afgirtur sólpallur með rúmgóðum heitum potti. Umhverfis húsið er stór, girtur garður með barnaleiktækjum. Frábært umhverfi, veðursæll og rómaður staður fyrir fjölskylduna. Hægt er að tjalda á lóðinni og því er þetta staður stórfjölskyldunnar.



Verð: 53.000 kr. vikan.

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er kl. 16:00 á miðvikudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið kl. 12:00 á skiptidögum.

Lyklar: Afhentir á skrifstofu FVSA.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 1. júní til 19. ágúst.

ILLUGASTAÐIR - HÚS NR. 2 OG 19 FNJÓSKADAL

Klassískur fjölskyldustaður eins og hann gerist bestur hér á landi. Mikið við að vera og óteljandi möguleikar í dagsferðum, gönguferðum og annarri afþreyingu.

Félagið er með tvö hús í sumarhúsabyggðinni á Illugastöðum í Fnjóskadal. Við húsin er heitur pottur og gasgrill. Sængur, koddar og tuskur fylgja húsunum en taka þarf með sér lín eða leigja það hjá umsjónarmanni í þjónustumiðstöð. Á svæðinu er sundlaug með heitum potti, minigolf, barnaleikvöllur og lítil verslun. Þráðlaust net er í húsunum og myndlykill frá Vodafone.

Hús nr. 19 - 33.000 kr. vikan. Húsið er á tveimur hæðum með svefnrými fyrir sex manns, auk svefnsófa í stofu og rúmi í borðstofu. Á efri hæðinni er stofa, tvö svefnherbergi og baðherbergi með sturtu. Á neðri hæðinni er vel búið eldhús og borðstofa, gufubað og baðherbergi með sturtu.

Hús nr. 2 - 29.000 kr. vikan. Í þessu húsi er svefnrými fyrir sex manns, auk svefnsófa í stofu.



Leigutímabil: Sumarleiga frá 1. júní til 19. ágúst.

Skiptidagar: Húsin leigjast eina viku í senn. Leigutakar mega koma frá kl. 16:00 á föstudögum. Dvalargestir þurfa að afhenda húsin eigi síðar en kl. 12:00 á skiptidögum.

Lyklar: eru í lyklaboxi við útidyr og skal skilað þangað við brottför.

BLÁSKÓGABYGGÐ MIÐHÚSASKÓGUR - SUÐURLAND

Margt er við að vera og skemmtileg afþreying í nánasta umhverfi, t.a.m. úrval gönguleiða, minigolf, ærslabætur, frisbí-golf, aparóla, sparkvellir, körfuboltavöllur o.fl. Sandkassi er við hvert hús og leiktæki í hverjum botnlanga.

Sumarhúsið er í Miðhúsaskógi, Bláskógabyggð, og er í um 17 km fjarlægð frá Laugarvatni, þar sem hægt er að sækja alla almenna þjónustu, m.a. sundlaug og matvöruverslun. Húsið er 55 fm með þremur svefnherbergjum og gistiplássi fyrir sjö manns. Í húsinu er setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Heitur pottur er við húsið.

Húsinu fylgja hefðbundin eldhúsahöld, borðbúnaður, grill og uppþvottavél. Leigjendur verða að hafa með sér lín, handklæði, diskapurrkur og þvottaefni í uppþvottavél.

Verð: 42.000 kr. vikan.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 3. júní til 19. ágúst.



Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Leigutakar mega koma frá kl. 17:00 og brottför er í síðasta lagi kl. 12:00 á föstudögum.

Lyklar: eru í lyklaboxi við útidyr og skal skilað þangað við brottför.

FLÓKALUNDUR Í VATNSFIRÐI BARÐASTRÖND - VESTFJÖRÐUM

Skemmtileg staðsetning og rómuð veðursæld. Ýmsir möguleikar í dagsferðum, gönguferðum, fjöruferðum og þannig mætti áfram telja. Staðurinn nýtur mikilla vinsælda meðal félagsmanna.

Í húsinu eru tvö svefnherbergi, með gistiplássi fyrir sex manns, ásamt setu- og borðstofu með eldhúskrók sem geymir öll helstu eldhústæki og baðherbergi með sturtu. Sjónvarp er í húsinu og gasgrill. Á svæðinu er sundlaug með heitum potti sem er einungis til afnota fyrir gesti sem dvelja í orlofshúsabyggðinni.

Verð: 34.000 kr. vikan.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 10. júní til 12. ágúst.

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Leigutakar mega koma eftir kl. 16:00 á föstudögum og brottför er í síðasta lagi kl. 12:00 á skiptidögum.

Lyklar: eru í lyklaboxi við útidyr og skal skilað þangað við brottför.



EINARSSTAÐIR Á HÉRAÐI AUSTURLAND

Skemmtileg staðsetning og rómuð veðursæld. Ýmsir möguleikar í dagsferðum, gönguferðum, fjöruferðum og þannig mætti áfram telja. Staðurinn nýtur mikilla vinsælda meðal félagsmanna. Þægilegur staður í hjarta Austurlands með mikla möguleika á dagsferðum í allar áttir. Mikil afþreying er í boði á þessu svæði. Leikvellir eru á svæðinu fyrir börn. Mini-golf er á svæðinu, tvær golfkylfur og kúlur fylgja hverju húsi. Á Egilsstöðum er hægt að sækja alla almenna þjónustu, matvöruverslanir, matsölastaði, apótek, flugsamgöngur, tækjasal, sundlaug með rennibraut, heitum pottum og fleiru.

Húsið er númer 7 og er nýlega uppgert 45 m² hús. Í því eru tvö svefnherbergi og er svefnaðstaða fyrir fimm manns. Í öðru herberginu ertvíbreitt rúm og rúm yfir, en í hinu tvíbreitt rúm. Setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Húsinu fylgja hefðbundin eldhúsáhöld og borðbúnaður. Barnarúm, stólar og aukadýnur fást hjá umsjónarmanni.



Verð: 42.000 kr. vikan.

Leigutímabil: Sumarleiga frá 10. júní til 19. ágúst.

Skiptidagar: Húsið leigist eina viku í senn. Leigutakar mega koma milli kl. 16:00 og 19:00 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma þau í síðasta lagi kl. 12:00 á skiptidögum.

Lyklar: eru í lyklaboxi við útidyr og skal skilað þangað við brottför.

TÍMI ER VERÐMÆTI!

SKOÐAR ÞÚ LAUNASEÐILINN ÞINN?



HVAÐ ER HVAD?

Þekkir þú muninn á dagvinnu og eftirvinnu?


Hvað er desemberuppbót?

Færð þú orlofið þitt greitt út eða færðu launað orlof?



TÍMINN ÞINN!

Skráðu niður vinnutímana þína, þannig getur þú farið yfir launaseðilinn þinn um hver mánaðamót.



REIKNADU!

Með því að fara reglulega yfir launaseðilinn áttu auðveldara með að koma auga á ef eitthvað vantar upp á. Það borgar sig að fylgjast vel með!

Þú finnur allar helstu upplýsingar um kjarasamninga og launataxta inni á

www.fvsa.is